

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Álfhelli 15.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. október 2024 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Álfhelli 15. Breytingin felur í sér að innkeyrsla á lóðina er færð til austurs. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 24. október 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 7. nóvember 2024